

ÍBÚASAMTÖK MIÐBORGAR REYKJAVÍKUR



Fréttabréf – Ágúst 2018

Íbúasamtök Miðborgar

Íbúasamtök Miðborgar Reykjavíkur (skammstafað ÍMR) eru félag íbúa í Miðborginni eins og hún hefur verið afmörkuð sem hverfi á milli Suðurgötu og Garðastrætis í vestri og Snorrabrautar, Flugvallavegar og Hlíðarfótar í austri. Allir íbúar sem eiga lögheimili á þessu svæði og eru 18 ára og eldri hafa kjörgengi og atkvæðisrétt á fundum félagsins. Íbúasamtök Miðborgar Reykjavíkur voru stofnsett á fundi í lðnó þann 11. mars 2008 og íbúar á svæði þeirra eru nú um 8000.

Markmið

Tilgangur samtakanna og markmið er að efla samhug og samkennd íbúa, vera samstarfsvettvangur íbúa, félagasamtaka og hagsmunasamtaka á svæðinu, vinna að framfara- og hagsmunamálum í hverfinu, standa vörð um sérkenni hverfisins og starfa með Hverfisráði Miðborgar og öðrum opinberum aðilum sem fara með málefni hverfisins og íbúa þess og íbúasamtökum annarra hverfa.

Stjórn ÍMR

Stjórn ÍMR er svo skipuð: Benóný Ægisson formaður, Ragnhildur Zoega varaformaður, Birgitta Bára Hassenstein ritari, Guðrún Janus gjaldkeri og Eva Huld Friðríksdóttir, Guðrún Erla Geirsdóttir og Vigdís Hrefna Pálsdóttir meðstjórnendur. Varamenn eru Aðalsteinn Jörundsson vararitari, Birna Þórðardóttir, Einar Thorlacius og Hlín Gunnarsdóttir.

Vefur

ÍMR heldur úti Facebook síðu og vefnum www.midbaerinn.is með upplýsingum um fundi, störf stjórnar, uppákomur og fleira. Netfang ÍMR er midbaerinn@midbaerinn.is.

Fréttir af starfinu

Heil brú

Verkefninu Heil brú var hleypt af stokkunum 2016 til að tengja saman alla notendur Spennistöðvarinnar, félags og menningarmiðstövar miðborgarinnar, og eru einkunnarorð þess: Sköpum, ræðum og leikum okkur saman. Markmiðið með verkefninu er að bæta hverfisandann og samheldnina í hverfinu og er það gert með því að halda smiðjur og málþing á laugardögum í Spennistöðinni og þær eru ætlaðar öllum íbúum í miðbænum. Veturinn 2016-17 var starfsemin mjög blómleg en dróst saman síðasta vetur vegna skorts á fjármagni en alls hafa verið haldnar 7 smiðjur og 5 málþing en lýsing á þeim er á bls. 4. Í vetur er fyrirhugað að halda þessu starfi áfram og hefur verið ákveðið að halda haustfagnað til að hefja vetrarstarfið og efna til málþings þar sem öllum þingmönnum í Reykjavíkurborgdæmi norður hefur verið boðið til að ræða við íbúa miðborgarinnar um þau málefni hverfisins sem að þeim snúa, það er að segja með tilliti til lagasetningar um skipulagsmál, atvinnumál, velferðarmál og fleira.

UmHverfisgöngur

UmHverfisgöngur eru tilraunaverkefni Íbúasamtaka Miðborgar í samstarfi við verkefnisstjóra miðborgarmála. Þetta eru göngur um afmörkuð svæði eða götur í hverfinu og er tilgangur þeirra að vera samráðsvettvangur borgaryfirvalda við íbúa til að bæta umhverfi þeirra. Það felur í sér að fólkgöngur saman um hverfið, eftir fyrirfram ákveðinni leið, og skoðar hvernig umhverfið lítur út með tilliti til öryggis og lífsgæða og ræðir hvaða úrbóta sé þörf. Nánari lýsing á UmHverfisgöngum er á bls. 7 en fyrsta UmHverfisgangen var farin um lðnaðarmannareit og er skýrsla um hana á vef ÍMR. Slóðin er: midbaerinn.is/starf/idnganga.pdf

Skipulagsmál

Skipulagsmál eru fyrirferðarmikill þáttur í starfi stjórnar ÍMR einkum nú á tímum mikillar uppbyggingar í miðborginni. Stjórn ÍMR hefur m.a. fjallað um og/eða ályktað um eftirtalin mál síðasta árið:

- Mótmælt því að fjölbýlishúsi við Barónsstíg yrði breytt í íbúðahótel
- Gert athugasemdir við breytingartillögu á aðalskipulagi um breyttar heimildir um veitinga- og gististaði eftir landnotkunarsvæðum
- Stutt tillögu um að flytja gamalt hús á autt svæði við Bergstæðastræti
- Tekið þátt í að móta tillögur um umferð hópferðabíla í miðborginni
- Barist fyrir því að hestagerði við Fríkirkjuveg 11 yrði áfram leiksvæði barna en Reykjavíkurborg hefur leigt Björgólfi Thor Björgólfssyni gerðið næstu 50 árin
- Gert tillögur um fjölgun leiksvæða fyrir börn í miðbænum, m.a. með því að koma fyrir leiktækjum í almenningsgarðinum Frakklandi
- Bent á skort á biðskýlum á safnstæðum hópferðabíla
- Ennfremur hefur stjórn Íbúasamtaka Miðborgar skorað á borgarstjóra að beita sér fyrir því að aukið samráð verði haft við íbúa miðborgarinnar í skipulagsmálum og að þeir fái að hafa meiri áhrif á framtíðaruppbyggingu hverfisins

Aðrar ályktanir stjórnar ÍMR er að finna á þessari vefslóð: midbaerinn.is/starf/

Aðalfundur

Áformað er að halda aðalfund Íbúasamtaka Miðborgar um miðjan október og eru íbúar miðbæjarins hvattir til að mæta og hafa áhrif á áframhaldandi starf ÍMR

Samstarfsverkefni og seta í nefndum og starfshópum

Íbúasamtök Miðborgar taka þátt í mörgum samstarfsverkefnum og oft er leitað til þeirra um að tilnefna fulltrúa í ráð og nefndir Reykjavíkurborgar. Hér á eftir fer upptalning á nokkrum þessum samstarfsverkefnum:

Hverfisráð Miðborgar. ÍMR hefur frá stofnun átt áheyrnarfulltrúa í hverfisráði Miðborgar. Fundirnir fara fram mánaðarlega og hefur fulltrúinn tillögurétt en getur ekki greitt atkvæði um einstök mál. Ekki er greidd nein þóknun fyrir setu í hverfisráðum frekar en öðrum ráðum og nefndum Reykjavíkurborgar þar sem borgin hefur farið fram á aðkomu Íbúasamtakanna.

Húsráð Spennistöðvar. Íbúasamtökin og Foreldrafélag Austurbæjarskóla ásamt fleiri aðilum börðust lengi fyrir því að fá spennistöð sem er áföst við Austurbæjarskóla til afnota sem fjölnotarými fyrir skólann, sem félagsmiðstöð barna og unglinga í hverfinu og sem íbúahús. Það tókst á endanum og var Spennistöðin, félags og menningarmiðstöð miðborgarinnar, opnuð 2014. Húsráðið er ráð notenda Spennistöðvarinnar og er það ráðgefandi um starfsemi hennar og að loknu tveggja ára tilraunatímabili árið 2016 gaf það út áfangaskýrslu og er slóðin á hana midbaerinn.is/starf/spsafang.pdf.

Miðborgarstjórn. ÍMR hefur átt áheyrnarfulltrúa í miðborgarstjórn frá stofnun hennar 2017. Miðborgarstjórn er samráðsvettvangur Reykjavíkurborgar og allra hagsmunaaðila í miðborginni og heldur hún fundi mánaðarlega.

Samstarf íbúasamtaka. ÍMR beitti sér fyrir samstarfi allra íbúasamtaka á höfuðborgarsvæðinu en því miður heppnaðist það ekki sem skyldi. Hinsvegar hefur samstarf við Íbúasamtök Vesturbæjar og Íbúasamtök 3. hverfis í Reykjavík - Hlíða, Holta og Norðurmýrar verið með ágætum enda eiga hverfin margt sameiginlegt. Meira um það samstarf á slóðinni midbaerinn.is/starf/123fund1.

Stýrihópur um rútuumferð. ÍMR átti fulltrúa í samstarfshópi um að koma reglu á akstur hópferðabíla um miðborgina en fyrir nokkrum misserum var mikið ónæði af honum og mikil óánægja hjá íbúum. Í samráði ÍMR, Samtaka ferðapjónustuaðila og Reykjavíkurborgar var þróað fyrirkomulag um ákveðnar akstursleiðir og um sleppistæði á ákveðnum stöðum. Allir eru sammála um að þetta fyrirkomulag sé til bóta þó íbúar á helstu aksturleiðunum t.d. um Hverfisgötu og Njarðargötu séu ekki sáttir einkum vegna þess að sum rútuferðir virða ekki samkomulagið um akstursleiðir og akstursstefnu.

Aðventunefnd Höfuðborgarstofu. ÍMR hefur tekið þátt í starfi aðventunefndar síðastliðin tvö ár og haft það helst til málanna að leggja að gerðar yrðu öryggisráðstafanir á Skólavörðuholti á gamlárskvöld en þar hefur safnast saman mikill mannfjöldi til að horfa á stjórnlausu flugeldaskothríð. Á síðasta ári var gerð tilraun til að koma upp ákveðnum skotsvæðum og var það til mikilla bóta og verður væntanlega framhald á því.

Ferðamálafestna í Reykjavík. Fulltrúi frá ÍMR hefur tekið þátt í starfi sem hefur það markmið að móta ferðamálafestnu fyrir Reykjavíkurborg.

DMP – Skipulag og stefnumótum í ferðapjónustu. Fulltrúi frá ÍMR hefur tekið þátt í starfi sem hefur það markmið að móta ferðamálafestnu fyrir allt höfuðborgarsvæðið.

Heil brú 2016-18

Verkefninu Heil brú var hleypt af stokkunum til að tengja saman alla notendur Spennistöðvarinnar, félags og menningarmiðstövar miðborgarinnar, og eru einkunnarorð þess: Sköpum, ræðum og leikum okkur saman. Markmiðið með verkefninu er að bæta hverfisandann og samheldnina í hverfinu og er það gert með því að halda smiðjur og málþing á laugardögum í Spennistöðinni og þær eru ætlaðar öllum íbúum í miðbænum. Veturinn 2016-17 var starfsemin mjög blómleg en dróst saman síðasta vetur vegna skorts á fjármagni. Eftirtaldar smiðjur og málþing hafa verið haldin:

10. september 2016

Leikjadagur

Verkefnið Heil brú hófst á leikjadegi. Ingimar Guðmundsson, Anna Lilja Björnsdóttir og Gísli Felix Ragnarsson nemar á 3. ári í tómsunda- og félagsmálafræði við Háskóla Íslands stjórnðu leikjum og hópefli í Spennistöðinni og á skólalóð Austurbæjarskóla. Um 30 manns litu við á leikjadeginum og lærðu fullt af nýjum leikjum og nutu samverunnar en boðið var upp á kaffi og saft að leikjum loknum

24. september 2016

Málþing um miðborgina – Sambýlið við ferðapjónustuna

Á fyrsta málþingi Íbúasamtaka Miðborgar þar sem íbúar höfðu orðið var rætt um sambýli miðborgarbúa við ferðapjónustuna. Frummælendur voru Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri, Hjálmar Sveinsson borgarfulltrúi og formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, Áshildur Bragadóttir forstöðumaður Höfuðborgarstofu, Áslaug Friðriksdóttir borgarfulltrúi og félagi í hverfisráði, Anna María Bogadóttir arkitekt og Runólfur Ágústsson íbúi og verkefnastjóri Fluglestarinnar. Benóný Ægisson formaður Íbúasamtaka Miðborgar ávarpaði málþingsgesti og fundarstjóri var Katrín Anna Lund prófessor í land og ferðamálafræðum við Háskóla Íslands. Að framsöguerindum loknum var orðið laust og íbúar gátu tjáð sig um málið eða beint spurningum til frummælenda eða annarra fundargesta. Umræður voru mjög fjörugar en 70-80 manns mættu á málþingið.

12. október 2016

Blúsað í Heilli brú

Blúsfrömuðurinn Halldór Bragason, íbúi í miðbænum og fyrrum nemendi í Austurbæjarskóla og Pétur Hafþór Jónsson tónmenntakennari í Austurbæjarskóla leiddu blússmiðju en um 30 manns á aldrinum 6-70 ára mættu með hljóðfærin sín og blúsuðu af hjartans lyst.

10. nóvember 2016

Galdrastafa og flugdrekasmiðja

Flugdrekasérfræðingurinn Arite Fricke stjórnaði galdrastafa og flugdrekasmiðju í Spennistöðinni. Arete er grafískur hönnuður og foreldri í Austurbæjarskóla og kenndi hún fólki að búa til einfalda flugdreka úr símaskráum og bambusstöfum og kyngimagnaða galdrastafi með kartöflustimplum og þekjulitum. 40-50 manns mættu og gerðu galdrastafi eða bjuggu til flugdreka og léku sér með þá fyrir utan Spennistöðina.

12. nóvember 2016

Málþing um miðborgina – Börnin í miðbænum

Annað málþing vetrarins fjallaði um aðstæður barna og unglinga í miðborginni. Spurt var hvað sé fjölskylduvænt hverfi og hvort miðborgin uppfyllti öll skilyrði til að teljast fjölskylduvæn. Íbúasamtök

Miðborgar, Foreldrafélag og Nemendafélag Austurbæjarskóla og foreldrafélög leikskóla í hverfinu stóðu að málþinginu en fundarstjóri var Áslaug Guðrúnardóttir. Málþingið var með þeim hætti að fyrst voru flutt stutt framsöguerindi en síðan var hópavinna. Hóparnir fjölluðu um efni eins og aðstöðu barna og unglinga til tómstundaiðkunnar, leiksvæði, Spennistöðina, umferðaröryggi og almenningssamgöngur. Hóparnir sammæltst um nokkrar hugmyndir og tillögur um úrbætur og beindu spurningum til stjórnmalamanna og embættismanna sem sátu í pallborði. Dagur B Eggertsson flutti framsöguerindi, ungt fólk í hverfinu talaði um hvernig það værið alast upp í 101 og húsráð Spennistöðvarinnar var með innleggið Spennistöðin fimm árum síðar. Í pallborði sátu: Dagur B Eggertsson borgarstjóri, Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri Austurbæjarskóla, Sigprúður Erla Arnardóttir framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Miðborgar, Skúli Helgason formaður Skóla og frístundaráðs, Þórgnýr Thoroddsen formaður Íþróttá og tómstundaráðs og Ólöf Örvardsdóttir sviðsstjóri Umhverfis og skipulagssviðs. Um 60 manns tóku þátt í málþinginu.

4. febrúar 2017

Leiksmiðja

Leynileikhúsið var með leiksmiðju fyrir alla fjölskylduna í Spennistöðinni og leiðbeinendur voru leyntileikhússtjórinn Agnar Jón Egilsson og leikkonan María Heba Þorkelsdóttir. Á þriðja tug foreldra og barna mættu og skemmtu sér við leiklistaræfingar og leikspuna og mörg lítil skemmtileg leikrit urðu til þetta laugardagssíðdegis.

4. mars 2017

Málþing um miðborgina – Góðir grannar

Á málþinginu Góðir grannar var fjallað um nábýlið í miðborginni og var Viðar Eggertsson fundarstjóri. Bryndís Héðinsdóttir lögmaður hjá Húseigendafélaginu fjallaði um grenndar- og nágrennarétt, Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir verkefnisstjóri hjá Umhverfis- og skipulagssviði um veggjakrot, Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri og Jóhann Karl Þórisson aðstoðaryfirlögsluþjónn fjölluðu um afbrot í miðborginni og Benóný Ægisson formaður Íbúasamtakanna um nágrennavörslu og hverfisgöngur. Ýmsir reyntsluboltar sögðu frá götu- og hverfishátíðum, Stefán Halldórsson sagði frá Skralli í Skaftahlíð, Margrét M Norðdahl frá Norðurmýrarhátíð og Gunnar B. Ólason frá Grettisgötuhatíð. Um 50 manns mættu og umræður voru líflugar.

13. maí 2017

Vorblót Íbúasamtaka Miðborgar

Íbúar í Miðborginni fögnuðu vorkomunni með vorblóti í Spennistöðinni. Kveikt var upp í grillum og grillaðar pylsur handa gestum og gangandi en tveir ungir lúðraþeytarar léku matarmikla músík undir borðhaldinu. Arite Handke kenndi gerð einfaldrar flugdreka sem óspart voru prófaðir fyrir utan Spennistöðina en einnig var fjallað um vorverkin í okkar ágæta bæjarhluta. Kristinn H. Þorsteinsson, fræðslustjóri Garðyrkjufélags Ísland fjallaði um hreinsun, beð, mosa, slátt, gróðursetningu o.fl. Bryndís Björk Reynisdóttir verkefnastjóri Garðyrkjufélags Íslands fjallaði um ræktun ætra plantna við þröng skilyrði og Hafsteinn Helgason íbúi á Baldursgötu sagði frá hvítlauksrækt sinni. Eftir að þau höfðu lokið máli sínu var orðið laust og upp hófust fjórlegar umræður um landbúnað í 101.

16. september 2017

Dansað í Spennistöðinni

Íbúasamtökin og Kramhúsið buðu upp í dans í Spennistöðinni, félags og menningarmiðstöð miðborgarinnar en þar gafst öllum íbúum hverfisins tækifæri til að prófa dans frá hinum ýmsu sveitum jarðar. Natasha Royal kenndi breikdans, Erna Guðrún Fritzdóttir skapandi dans, Margrét Erla

Maack Bollywood dansa og Veska Jónsdóttir Balkandansa og skiptist þátttakan nokkuð eftir aldri, þeir yngri dönsuðu frekar breik og skapandi dans en þeir eldri Balkan og Bollywood.

27. janúar 2018

Tónsmiðja Péturs Hafþórs

Pétur Hafþór Jónsson tónlistarkennari stjórnaði tónsmiðju þar sem farið var í gegnum ýmis grundvallaratriði nýgildrar tónlistar og mættu sumir þátttakendur með hljóðfærin sín en einnig voru hljóðfæri á staðnum sem þeir gátu nýtt sér. Tónlistarflutningur er félagslegt atferli ekki síður en listrænn gjörningur og nautn að taka þátt. Sjálf tónlistin skapar reglu og samhengi og auðveldar öllum að vera með. Ýmis hljóðfæri voru tekin til handargagns í tónsmiðjunni og sýnt fram á, að allir geta tekið sóló, leikið bassagang og verið virkir í góðum rytma. Ýmsum stílbrigðum var beitt, blús, suður-amerískum takti og óforskömmuðu poppi.

14. apríl 2018

Fundur með frambjóðendum í Spennistöðinni

Íbúasamtökin gengust fyrir málþingi þar sem fulltrúum allra framboða til borgarstjórnarkosninga var boðið til að kynna stefnu sína í málefnum miðbæjarins og svara spurningum sem voru þannig til komnar að íbúum gafst kostur á að leggja til spurningar á Fb-síðu Íbúasamtakanna og voru spurningarnar þversumman af óskum íbúanna. Íbúarnir vildu fá svör við því hvaða áætlanir framboðin hefðu um að gera miðborgina fjölskylduvænni svo meiri líkur séu á að hún héldist áfram í byggð, það var spurt um þéttingu byggðar og verndun eldri byggðarinnar, um hvernig framboðin hygðust takast á við umferðarvandann í miðborginni og hvernig þau ætluðu að verja útsvarspeningum miðborgarbúa. 70-80 manns mættu málþingið.

Fundarstjóri var Benóný Ægisson en eftirtaldir fulltrúar tólf framboða mættu í Spennistöðina:

Samfylkingin: Dagur B Eggertsson

Vinstri græn: Stefán Pálsson

Píratar: Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Framsóknarflokkur: Snædís Karlsdóttir

Höfuðborgarlistinn: Björg Kristín Sigþórsdóttir

Miðflokkurinn: Baldur Borgþórsson

Sjálfstæðisflokkur: Hildur Björnsdóttir

Viðreisn: Diljá Ámundadóttir

Alþýðufylkingin: Þorvaldur Þorvaldsson

Flokkur fólksins: Kolbrún Baldursdóttir

Sósíalístaflokkurinn: Sanna Magdalena Mörtudóttir

Frelsisflokkurinn: Gunnlaugur Ingvarsson

Umhverfisgöngur

Umhverfisgöngur eru tilraunaverkefni Íbúasamtaka Miðborgar í samstarfi við verkefnisstjóra miðborgarmála. Þetta eru göngur um afmörkuð svæði eða götur í hverfinu og er tilgangur þeirra að vera samráðsvettvangur borgaryfirvalda við íbúa til að bæta umhverfi þeirra. Reykjavíkurborg styrkir verkefnið.

Hverfisgöngur sem þessar eru aðferð til að leita samráðs við íbúa og þá sem eru starfandi í ákveðnu hverfi, götu eða hverfishluta um hvernig þeir upplifi nærumhverfið, t.d. með tilliti til öryggis, útiveru, aðgengi að þjónustu o.s.frv. Þátttakendur geta auk íbúa verið kjörnir fulltrúar, embættismenn, starfsfólk sveitarfélags á umhverfissviði og aðrir sem bera ábyrgð á hvernig nærumhverfið lítur út. Það felur í sér að fólk gengur saman um hverfið, eftir fyrirfram ákveðinni leið, og skoðar hvernig umhverfið lítur út með tilliti til öryggis og lífsgæða og ræðir hvaða úrbóta sé þörf.

Hugað að:

Öryggi
Útiveru
Ástandi eigna og umhverfis
Aðgengi að þjónustu
Lífsgæðum

Þátttakendur:

Íbúar
Kjörnir fulltrúar og embættismenn
Starfsmenn á umhverfissviði
Aðrir embættismenn og starfsmenn eftir því
sem við á, td. lögregla
Aðrir hagsmunaaðilar

Gangan:

Hámark ein og hálf klukkustund
Hámarksvegalengd 3 km
Jöfn þátttaka kynja
Þátttaka barna ef það á við
Upplýsingum miðlað

Að göngu lokinni:

Hvað má bæta?
Aðgerðaáætlun
Framkvæmdatími
Gangan endurtekin
Mat

Hvað þarf að gera?

Frumkvæði þarf að koma frá íbúum
Skilgreint göngusvæði og áherslur
Skipa göngustjóra
Íbúasamtökin og verkefnastjóri miðborgarmála
aðstoða við kynningu og framkvæmd

Íbúar í miðborginni geta sótt um að taka þátt í þessu verkefni með því að senda póst á netfangið midbaerinn@midbaerinn.is

Fyrsta Umhverfisgangin var farin um lðnaðarmannareit og er skýrsla um hana á vef ÍMR. Slóðin er: <http://midbaerinn.is/starf/idnganga.pdf>